




ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

# FLÓRGÓÐINN

## Meðal efnis í þessum Flórgóða:

- Í skólabyrjun
- SMT skólafærni
- Deildarstjórar og fagstjórar
- Skólaheit
- Höfuðlús
- Fréttir á vefsetri
- Snemma í háttinn - hress og kát í skólanum
- Tónlist fyrir alla
- Evrópski tungumáladagurinn
- Hjólaskór
- Hafa hendur og fætur hjá sér
- Samgöngur við Ásland 3



Hleypum sólinni inn

## Í skólabyrjun

Kæru nemendur foreldrar / forráðamenn

Þá er sjöunda starfsár Áslandsskóla hafið.

Í vor leit út fyrir fækkun nemenda með stækkun Hraunvallaskóla en líkt og önnur haust bættist við þó nokkur hópur. Því stunda nú um 470 nemendur nám við skólann.

Að mörgu er að hyggja er skólahald hefst að hausti.

Nokkrir nýir kennarar hafa bæst í hópinn, nýir aðrir starfsmenn og svo auðvitað fjölmargir nýir nemendur. Allan þennan stóra hóp bjóðum við hjartanlega velkominn í skólasamfélagið okkar hér í Áslandi.

Sumir hverjir eru nú að hefja skólagöngu sína og það hlýtur að vera tilhlökkunarefni að ganga í jafn glæsilegan skóla sem Áslandsskóli sannarlega er. Því er mikilvægt að innra starf hans sé líka glæsilegt og að allir leggi metnað sinn í að svo verði.

Nemendur í 1. bekk er stór og myndarlegur hópur í skólanum okkar og því ljóst að öll þurfum við að sýna hjálpssemi og samkennd svo aðlögun þeirra að daglegu skólalífi verði með

jákvæðum hætti.

Það þurfa allir að hjálpast að við að búa til góðan skóla þar sem vellíðan nemenda, vönduð vinnubrögð og góður námsárangur eru í forgrunni. Samstarf heimila og skóla verður að vera traust og með jákvæðum hætti og mikilvægt er að foreldrar séu virkir þátttakendur og vel upplýstir um starfsemi skólans.

Þá er einnig lyklatríði að nemendur temji sér náms- og vinnuaga og að faglegur metnaður ríki meðal starfsmanna skólans.

SMT skólafærni var hrint í framkvæmd á þar síðasta skólaári og tókst innleiðing vonum framar. Forráðamenn og nemendur munu sjá skýr fyrirsmæli hanga á veggjum skólans sem eru í vinnslu fyrir ákveðin svæði skólans. Þá geta nemendur fengið "fugla" fyrir að sýna jákvæða hegðun í starfi skólans. Fuglunum er síðan safnað saman í umsjónarbekk nemandans eftir að hann hefur farið með "fuglinn" heim og sýnt forráðamönnum. Nánar

verður farið yfir SMT skólafærni í tengslum við skólakynningar í árgöngum og í þessu blaði.

Einhver hópur nemenda í 9.-10. bekk býr á Völlum. Verður þeim ekið í skólann að morgni og heim aftur síðdegis ásamt notkun strætómíða.

Um leið og ég óska starfsfólki, nemendum, forráðamönnum velfarnaðar á því skólaári sem nú er farið af stað vil ég minna okkur öll á að allir eiga rétt á því að vera þeir sjálfir. Við þurfum að hugsa vel um hvort annað, bera virðingu hvort fyrir öðru og hjálpast að við að gera góðan skóla enn betri.

**Leifur S. Garðarsson**

Skólastjóri

(pistla skólastjóra má líka finna á [www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is))

# SMT í Áslandsskóla

Markmið SMT-skólafærni (hafnfirsk útfærsla á bandarísku aðferðinni *Positive Behavior Support/PBS*) er að skapa gott andrúmsloft í skólum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfra félagsfærni, gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun. Þessi nálgun byggir á margra ára rannsóknum sérfræðinga, í Oregon í Bandaríkjunum, og er framkvæmd í samráði við þá.

SMT-skólafærni byggir á hugmyndafræði PMT-FORELDRAFÆRNI og er framkvæmd undir merkjum þeirrar þjónustueiningar, sem verið hefur leiðandi hér á landi í notkun og útbreiðslu PMT verkfæra til uppalenda. PMT (*Parent Management Training*) verkfærin eru vel rannsökuð af færustu sérfræðingum, notkun þeirra stuðlar að góðri aðlögun barna og þau eru því afar mikilvæg hjálpartæki.

Foreldrum býðst að tileinka sér PMT-foreldrafærni jafnframt því sem skólasamfélagið á möguleika á innleiðingu SMT-skólafærni.

Í kjölfar þess var ákveðið að innleiða SMT-skólafærni sem byggir á sama hugmyndafræðilega grunni og áratuga rannsóknum líkt og PMT.

Við í Áslandsskóla byrjuðum á undirbúningi skólaárið 2004-2005 og innleiðingu á síðasta skólaári. Óhætt er að fullyrða að skólabragur varð betri og aukning á jákvæðri hegðun nemenda.


Svokallað SMT teymi er starfrækt innan skólans sem í sitja Leifur S. Garðarsson skólastjóri, Unnur Elfa Guðmundsdóttir aðstoðarskólastjóri, Júlíana Jónsdóttir námsráðgjafi, Edda Víkar Guðmundsdóttir frá Skólaskrifstofu, Rannveig Hafberg deildarstjóri í 1.-5. bekk, Hulda Gunnarsdóttir kennari, Auður Óskarsdóttir kennari, Kristín Jóna Magnúsdóttir deildarstjóri í 6.—10. bekk og Dögg Ívarsdóttir skólaritari. Í Áslandsskóla styrkjum við jákvæða hegðun með svokölluðum "fluglum" en þeir vísa til skólamerkisins þar sem fjórir fuglar fljúga að sama

marki. Nemendur geta fengið gulan, rauðan og grænan fugl frá starfsfólki og bekkir bláan fugl frá skólastjóra. Þegar tilteknum fuglafjölda er náð fær bekkurinn fuglaveislu en þá er hefðbundið skólastarf brotið upp.

Þegar nemendur sýna óæskilega hegðun gætu þeir fengið svokallaðan stoppmiða sem er skráningarmiði yfir óæskilega hegðun viðkomandi. Stoppmiðinn fer síðan inn í ákveðið agiferli þar sem nákvæmlega er skráð hver var upplýstur og hver tók málið að sér.

Það er mat okkar sem starfa í skólanum að SMT skólafærnin bæti skólabraginn og hjálpi okkur mjög við að agiferli skólans sé skilvirkt og áreiðanlegt.

**Á vefsetri skólans er hægt að finna reglutöflu skólafærni í Áslandsskóla sem eru í senn skólareglur skólans.**



## Hafa hendur og fætur hjá sér

Óvenjumikið hefur verið um að nemendur hafi gleymt þeirri mikilvægu skólareglu að hafa hendur og fætur hjá sér nú í upphafi skólaárs.

Það er geysilega mikilvægt að forráðamenn fari vel yfir reglufirlitið úr skólafærni okkar með börnum sínum heima fyrir.

Vissulega er vel farið yfir þetta allt saman hér í skólanum en betur má ef duga skal.

**Af gefnu tilefni skal minnt á að "hjólaskór" eru bannaðir líkt og hlaupabretti og línuskautar**

## Tónlist fyrir alla

Fræðslufirvöld í Hafnarfirði ákváðu á vordögum að innleiða að nýju dagskrána Tónlist fyrir alla í grunnskóla bæjarins.

Hér eru á ferðinni fimm málmblásar úr Sinfóníuhljómsveit Íslands, en allir eru þeir tónlistarmenn í fremstu röð og hafa starfað saman um árabíl. Kvintettinn skipa trompetleikararnir Ásgeir Steingrímsson og Sveinn Birgisson, hornleikarinn Þorkell Jónsson, básúnuleikarinn Oddur Björnsson og túbuleikarinn Bjarni Guðmundsson.

Dagskráin er fjölbreytt og skemmtileg, lúðrar eru kynntir til sögunnar af öllum stærðum og gerðum og börnunum er boðið að taka þátt með söng. Dagskránni hefur verið lýst sem "eyrnakonfekt og sjónarspili af stærstu gerð". Þegar þátttaka hefur verið staðfest munum við senda nánari lýsingu á dagskránni sem og ítarefni til frekari kynningar fyrir börnin.

Dagskrá þessi fer fram í Áslandsskóla þriðjudaginn 25. september og hér biða allir spenntir.

## Samgöngur við Ásland 3

Gerður hefur verið samanburður á skólagöngu nemenda sem sækja eiga Áslandsskóla úr Áslandi 3 og Áslandi 1.

Samanburðurinn var gerður að ósk skólastjóra þar sem skoða þyrfti skólaakstur ef ganga nemenda úr Áslandi 3 yrði mun erfiðari en nemenda úr Áslandi 1.

- Ásland III 59 m fer í 93 m (34 metra klif) og svo niður brekku í 83 m (10 m niður) og öfugt heim..... 10 m upp og 34 metra niður.
- Ásland I fer úr 33 m í 83 metra (50 metra klif) og síðan öfugt heim..... 50 metra niður.

Úttektin sýnir því að nemendur Áslandsskóla með búsetu í Áslandi 3 ættu ekki að vera í vandræðum með að ganga í skólann.

Verið er að laga göngustíg við Þrastarás sem tengir saman Áslands 2 og Ásland 3 og verður hann malbikaður á næstu dögum.

## Evrópski tungumáladagurinn

Annað árið í röð halda nemendur í Áslandsskóla Evrópska tungumáladaginn hátíðlegan.

Þá verður dagskrá á sal skólans og eru forráðamenn hvattir til að líta við og fylgjast með dagskrá.

### Hún er annars sem hér segir:

- 08:20 Hnúkaheimar leika leikrit á ensku eftir H.C. Andersen "The Tinderbox" eða "Eldfærin"
- 08:35 5. bekkur með byrjendasamræður á dönsku
- 08:40 2. bekkur leikur stutt leikrit á ensku um vináttu.
- 08:50 7. bekkur syngur danska lagið.
- 08:55 Sunna í 10 bekk syngur lag á ensku við **u n d i r l e i k** Thelmu
- 09:05 tungumálavefsíðan kynnt
- 09:20 9. bekkur sýnir myndband unnið úr Rímur eftir **R o a l d** Dahl um "The Three Little Pigs"
- 09:30 Áslandsskóla lagið sungið. Allir syngja **s a m a n.**

Kynnar eru systkinin Egill úr Jarðheimum og Natallía úr Álfaheimum.

## STÆRÐFRÆÐINÁMSKEIÐ FYRIR FORRÁÐAMENN

Reiknisaðferðir – Kynning  
**Mánudaginn 1. október kl. 19.30 – 21.00** Námskeiðið verður í fyrirlestrarsal skólans.

Skráning fer fram hjá umsjónarkennurum. Foreldrar geta sent tölvupóst til umsjónarkennara síns barns. Sé því ekki viðkomið má hringja á skrifstofu og skrá sig þar.

**Elín Þórarinsdóttir**, umsjónarkennari Baldursheima – 4. EP  
**Hulda Gunnarsdóttir**, umsjónarkennari Goðaheima – 1. HUG

## Snemma í háttinn hress og kát í skólanum

Þann 1. september breyttist útvistartíminn og börn 12 ára og yngri mega ekki vera úti eftir kl. 20:00.  
Unglingar 13 - 16 ára, þau sem eru í unglingadeildum grunnskóla mega vera úti til kl. 22:00.

Foreldrar hafa auðvitað fullan rétt á að stytta þennan útvistartíma og margir hafa gert það, sérstaklega foreldrar barna í 8. bekk.

Foreldrar og aðrir sem tengjast börnum eru hvattir til að virða reglur um útvistartímann. Börnin þurfa sinn svefn og mæta iðulega snemma í skólann. Hlúa þarf að heimalærdómi og gott er að eiga samverustundir inni á heimilinu á kvöldin.

Hinsvegar hafa íþróttafélög og æskulýðsstarf Hafnarfjarðar undanþágurétt gagnvart þessum reglum en ljóst er að tilefni til undanþágu verða æ fátiðari. Þó eru félagsmiðstöðvar opnar á föstudagskvöldum en þá er engin skóli daginn eftir.

## Aðrar fréttir af vefsetri

Meðal fréttu á vefsetri skólans:

**Göngum í skólann**—átak  
Lýðheilsustöðvar

**Dræm þátttaka á skólakynningu  
unglingadeildar**

**Skólafærninámskeið í 1. bekk**

**Létta leiðin er rétta leiðin**—erindi frá  
iðjuþjálfu um skólatöskur

**Samgöngur við Ásland 3**—um  
göngustíga og hæðarsamanburð

**Skólakynningar**

**Samstarf Áslandsskóla og  
Ástjarnarsóknar**

## Deildar- og fagstjórar

Deildarstjórar eru í Áslandsskóla.

**Rannveig Hafberg** er deildarstjóri í 1.-5. bekk og **Kristín Jóna Magnúsdóttir** deildarstjóri í 6.-10. bekk.

**Fagstjórar þetta skólaár eru:**

**Auður Óskarsdóttir** og **Hulda Gunnarsdóttir** í lífsleikni, **Jónína Ósk Ingólfssdóttir** í samfélagsfræði, **Jónína Einarsdóttir** í list og verkgreinum, **Auður Óskarsdóttir** í íslensku, **Björg Haraldsdóttir** í náttúrufræði, **Matthildur Rúnarsdóttir** í stærðfræði, **Sigríður Elísabet Ragnarsdóttir** í dönsku, **Fjalar Þorgeirsson** í íþróttum og **Jenný B. Rúnarsdóttir** í ensku.

## Höfuðlús

Nú þegar skólastarf er að hefjast viljum við vinsamlegast biðja ykkur um áframhaldandi samstarf í því að fyrirbyggja útbreiðslu á höfuðlús.

Samkvæmt tilmælum landlæknis er hlutverk skólahljúkrunarfræðinga að ráðleggja, styrkja og leiðbeina foreldrum hvernig hægt sé að koma í veg fyrir höfuðlúsasmit, einnig hvernig hægt sé að losna við hana verði hennar vart.

Við viljum leggja áherslu á að:

Þið kembið reglulega hár barnanna ykkar með lúsakambi. 1x í viku við upphaf skólaárs og eftir nánari leiðbeiningum komi upp tilfelli í bekknum.

Kembing er besta leiðin til að finna lús. Nauðsynlegt er að finkemba allt hárið.

Þið fræðið börn ykkar um helstu smitleiðir.

Lúsin getur skriðið á milli kolla ef bein snerting verður frá hári til hárs.

Notið ekki greiður, bursta eða höfuðföt annara.

Gott ráð er að geyma höfuðföt og trefla í úlpuermum.

Nánari upplýsingar um lús og lúsameðferð er að finna á vef landlæknis [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is) slá inn höfuðlús í leitarreit efst á síðu.

Hafið strax samband ef þið verðið vör við höfuðlúsasmit. Til að hefta frekari útbreiðslu í skólanum.

## SKÓLAFÖT

**Í ÁSLANDSSKÓLA  
GÖNGUM VIÐ  
Í SKÓLAFÖTUM**

**LÍKA ÞÓ VIÐ  
SÉUM KOMIN Í MIÐDEILD**

**ÁFRAM ÁSLANDSSKÓLI**



Kríuási 1  
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600  
Bréfsími: 585 4610  
[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)  
[aslandss@ismennt.is](mailto:aslandss@ismennt.is)

**[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)**

**FLÓRGÖÐINN**

**Fréttablað  
Áslandsskóla**

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:  
**Leifur S. Garðarsson**  
skólastjóri